# GJALDSKRÁ
# Félagslegrar heimaþjónustu

1. gr.

Þjónustuþegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf.
Önnur þjónusta er gjaldfrjáls.

2. gr.

Gjald fyrir heimaþjónustu er reiknað út frá launataxta Einingar Iðju 128-1 að viðbættu 6% persónuálagi, 13,04% orlofi og 25% launatengdum gjöldum og uppfærist 1. janúar ár hvert.

Gjöld eru sem hér segir:

Heimaþjónusta 4.012 kr./klst.

3. gr.

Afsláttur er veittur af gjaldi heimaþjónustu miðað við tekjur þjónustuþega.

Tekjumörk eru ákvörðuð út frá framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar í ágúst ár hvert, þar sem þeir sem hafa tekjur undir framfærsluviðmiðum ásamt heimilisuppbót greiða ekki fyrir heimaþjónustu. Viðmiðunartekjur fyrir hjón og sambúðarfólk er hið sama og fyrir einstaklinga margfaldað með 1,5. Þeir sem hafa tekjur að 50% yfir viðmiðunartekjur greiða ⅓ af gjaldi, þeir sem hafa tekjur að 75% yfir viðmunartekjum greiða ½ af gjaldi og þjónustuþegar með tekjur umfram það njóta ekki afsláttar.

Gjald

Tekjumörk eru sem hér segir:
Fyrir einstaklinga

| | | |
|---|---|---|
| a) með tekjur allt að | kr. 4.349.736,- | 100% afsláttur |
| b) með tekjur á bilinu | kr. 4.349.737,- til 6.524.604,- | 66% afsláttur |
| c) með tekjur á bilinu | kr. 6.524.605,- til 7.615.038,- | 50% afsláttur |

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk

| | | |
|---|---|---|
| a) með tekjur allt að | kr. 6.524.604,- | 100% afsláttur |
| b) með tekjur á bilinu | kr. 6.524.605,- til 9.786.908,- | 66% afsláttur |
| c) með tekjur á bilinu | kr. 9.786.909,- til 11.418.057,- | 50% afsláttur |

Árlega er kallað eftir tekjuupplýsingum. Kjósi þjónustuþegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald. Berist gögn eftir tilskilnn frest tekur breyting gildi næsta mánuð á eftir. Þjónustuþegi skal tilkynna breytingar á högum sínum.

4. gr.

Gjöld eru innheimt mánaðarlega, í næsta mánuði eftir að þjónusta er innt af hendi.

*Samþykkt á 103. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 29. nóvember 2022.*